

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Material Safety Data Sheet (MSDS)



Hvati fyrir speglalím
81844_2

1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími innflytjanda og/seljanda.

Söluheiti: Rearview Mirror Adhesive Kit Arosol Part 2 Activator

Vörunúmer: 81844/_2

Notkun: Hvati fyrir speglalím

Dreifing: Bilanaust hf. Reykjavík

Framleiðandi: Permatex Inc. Hartford, CT 06106 USA

Neyðarsími framleiðanda: 0 800 255 3924 (USA)

Alþjóðl. neyðarsími: 0 813 348 0585

Sími Neyðarlínu, Lögreglu, Sjúkraliðs, Slökkviliðs: 112

Eitrunarmiðstöð Landsspítala í Fossvogi, Rvk.

Sími 543 2222

Innihald:

1. Söluheiti
2. Samsetning
3. Aðvörun
4. Skyndihjálp
5. Eldsvoði
6. Efnaleki
7. Meðhöndlun
8. Hlíðarþúfa
9. Efnaeiginleikar
10. Áhrifavaldar
11. Eiturfræði
12. Umhverfismál
13. Förgun
16. Hættulýsing

2. Samsetning efnis - upplýsingar um innihald.

| CAS-nr. | EB-nr. | Efnaheiti. | Styrkur % | Hættufl. | Hættusetningar |
|------------|-----------|-----------------------|-----------|----------|----------------|
| 67-63-0 | 200-661-7 | Própan-2-ól | 60-100 | F, Xi | 11-36-37 |
| 75-28-5 | 200-857-2 | Bútan-1-ísóbútan-2 | 10-30 | Fx, T | 45-46-12 |
| 8052-41-3 | 232-489-3 | Terpentína, minerölsk | 1-10 | T | 45-65 |
| 2222-10-9 | | Organo-kopar-efni | <1 | | |
| 68084-48-0 | | Organo-kopar-efni | <1 | | |
| 85737-14-0 | | Organo-kopar-efni | <1 | | |

3. Varúðarupplýsingar.

Eitrunarhætta: Getur ert augu, húð og öndunarfæri. Inntaka getur valdið ertingu í vélinda og velgju, uppsölum og niðurgangi. Lengri tíma nærvera getur haft áhrif á miðtaugakerfi.

Eitrunarleiðir: Snerting við augu og húð, inntaka, innöndun.

Merki og einkenni snertingar: Berist gufa í augu getur hún orsakað tárfeili og roða. Mikil snerting, t.d. fyrir slysi, getur valdið höfuðverk, svima, velgju og minniháttar ertingu í öndunarfærum. Getur ert húð.

Sjúkdómseinkenni sem geta skerpst við snertingu: Húðpurkur. Þar sem í efninu eru kopar-sambönd ættu einstaklingar með Wilson's-sjúkdóm (koparuppsöfnun) að forðast þetta efni.

4. Skyndihjálp:

Inntaka: Hafi vökvinn verið drukkinn skal EKKI framkalla uppsölur.

Haldið viðkomandi rólegum. Leitið lækni.

Innöndun: Flytjið viðkomandi þangað sem er ferstkt loft. Hafi öndun stöðvast skal beita öndunaraðstoð (munn-við munn) en súrefnisgjöf sé um öndunarerfiðleika að ræða. Leitið lækni.

Snerting við húð: Fjarlægjið mettaðan fatnað. Þvoið svæðið með vatni og sápu. Stöðvist erting ekki skal leita lækni.

Snerting við augu: Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15 mín. Stöðvist erting ekki við skolun skal leita lækni.

5. Eldsvoði: Slökkvun.**Blossamörk:** mínus 82,7 °C**Slökkviefni:** Kolsýra, þurrduft, froða**Slökkviaðferð:** Nota skal öndunarbúnað með tilfærðu lofti við slökkvistarf. Halda skal ílátum kældum og varna því að þau skaddist vegna slökkvistarfs eða annarra umsvifa í eldsvoða.**Hættuleg niðurbrotsefni:** Koloxíð og ertandi gastegundir.**Óvenjuleg eld- eða sprengihætta:** Gufa getur flætt frá ílátum að íkveikjurum og myndað þannig hringrás. Ílát undir þrýstingi. Lokuð ílát geta rifnað eða sprungið við mikla hitun. Kælið ílát.**Aðvörðun til notenda:** Úðabrúsi undir þrýstingi. Stingið ekki göt á brúsann né fleygið honum á eld.**Sprengimörk, lægri:** 1,8**Sprengimörk, hærri:** 9,5**6. Efnaleki.****Viðbrögð:** Fjarlægjið alla neistagjafa. Tryggið góða loftræstingu. Þurrkið upp með óvirku uppsuguefni. Setjið í lokað ílát fyrir förgun.**7. Meðhöndlun og geymsla.****Geymsla:** Geymið fjarri hita, neistagjöfum og opnum eldi. Geymið ekki við hærra hitastig en 49 °C**Meðhöndlun:** Forðist snertingu við augu og húð. Andið ekki gufu af efninu. Notið efnið ekki nærri hita- og neistagjöfun né opnum eldi.**8. Persónuhlífar - forvarnir.****Augu:** Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.**Húð:** Hlífðarhanskar úr gúmi eða plasti.**Loftræsting:** Loftræsting þarf að vera nægilega öflug til að gufa efnis í andrúmslofti haldist innan mengunarmarka.**Öndunarbúnaður:** Sé loftræstingu áfátt, eða líkur á að metun lofts verði umfram uppgefin mengunarmörk skal nota öndunargrímu af viðurkenndri gerð (þ.e. NIOSH o.s.frv.).**Mengunarmörk:**

| CAS Nr. | Styrkur % | ACGIH-mörk 8. klst. meðaltími | OSHA-mörk 8. klst. meðaltími |
|---------------------------------|-----------|---|--|
| 67-63-0 Própan-2-ól | 60-100 | 400 ppm; 983 mg/m ³ | 400 ppm |
| 8052-41-3 Terpentína, minerölsk | 1-10 | 100 ppm; 525 mg/m ³ | 500 ppm; 2900 mg/m ³ |
| 2222-10-9 Organo-kopar-efni | <1 | Cu 0,2 mg/m ³ (gufa) Cu 1 mg/m ³ (ryk) | Cu 1 mg/m ³ (gufa) 1 mg/m ³ (ryk) |
| 68084-48-0 Organo-kopar-efni | <1 | 1 ppm sem Cu ryk/gufa | |
| 85737-14-0 Organo-kopar-efni | <1 | 1 ppm sem Cu ryk/gufa | |

9. Eðlis- og efnaeiginleikar.

| | |
|-----------------------|-----------------------|
| Form: | Glær vökvi |
| Lykt: | Alkahól |
| Suðumark: | < 82 °C |
| Sýrustig (pH): | Á ekki við |
| Leysanleiki í vatni: | Já |
| Rúmpýngd: | 0,79 við 24 °C |
| Rokefnainnihald: | 99% af þýngd |
| Gufuþrýstingur: | 29-33 psi |
| Gufuþýngd (Loft = 1): | Þýngra en loft |
| Rokhraði: | >1 (bútýl-asetat = 1) |

10. Áhrifavaldar (stöðugleiki).

| | |
|--|----------------------------------|
| Stöðugleiki: | Stöðugt við eðlilegar aðstæður. |
| Hættuleg fjölliðun: | Ekki |
| Efni sem valda virkni: | Sterk oxunarefni. |
| Aðstæður sem ber að forðast: | Hár hiti. |
| Hættuleg niðurbrotsefni við eld eða hita: | Koloxíð. Óþægilegar gastegundir. |

11. Eiturfræðileg atriði. (sjá kafla 3)

12. Skaðsemi gagnvart umhverfi. Engar upplýsingar um skaðsemi.

13. Förgun. Ath. Um er að ræða vöru/efni á úðabrúsa.

Efninu og tæmdum umbúðum þess skal farga í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um meðferð iðnaðarúrgangs í viðkomandi sveitarfélagi. Fara ber eftir sérstökum reglum viðkomandi spilliefnamóttöku um frágang og afhendingu spilliefna á úðabrúsum. Sé ekki um slíka móttöku að ræða skal fara með tæmd ílát samkvæmt leiðbeiningum á þeim. Sé um hvorugt að ræða skal vefja tæmdan brúsa inn í pappír og farga með sorpi.

14. Flutningur: DOT: (49CFR 172)**Landflutningur:**

| | |
|------------------------------|------------------------------|
| Heiti flutningsflokks (DOT): | Notendavara (hámark 1 lítri) |
| Hættuflokkur: | ORM-D |
| UN/ID Nr. | Ekkert |
| Spilliefni í sjó: | Ekki |

Lofflutningur (IATA):


| | |
|-----------------------------|----------------------------|
| Rétt heiti flutningsflokks: | Notendavara (hámark 0,5 l) |
| Flokkur eða deild: | 9 |
| UN/NA Nr. | ID 8000 |

| | | |
|--------------|-----------------------------|---------------------------|
| IMDG: | Rétt heiti flutningsflokks: | Úðabrúsar, takmarkað magn |
| | Hættuflokkur: | 2.1 |
| | UN Nr. | UN 1950 |

15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.

Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilsk. ESB.

Varnaðarmerking: Afar eldfimt. Ertandi
Inniheldur (eiturefni): Kopar-sambönd



- Hættusetningar:**
- H11** Mjög eldfimt.
 - H12** Afar eldfimt
 - H36** Ertir augu.
 - H37** Ertir öndunarfæri
 - H45** Getur valdið krabbameini.
 - H46** Getur valdið arfgengum skaða
 - H65** Hættulegt: Getur valdið lungnaskaða við inntöku.
- Varnaðarsetningar:**
- V7** Umbúðir skulu vera lokaðar.
 - V16** Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar.
 - V24/25** Varist snertingu við húð og augu.
 - V26** Berist efnið í augu skal skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.
 - V45** Leitið umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingar ef unnt er.
 - V53** Varist snertingu - aflið sérstakra notkunarleiðbeininga.

Ath. Upplýsingar sem gefnar eru í þessum öryggisleiðbeiningum eiga einungis við efnið Permatex 81844/03346 (Hvati fyrir speglalím) innan þessa forms. Athygli notanda er vakin á því að til kunnir að vera meiri upplýsingar sem eiga við efnið. Taka skal tillit til allra viðeigandi alþjóðlegra og innlendra reglna annarra sem kunna að eiga við þar sem efnið er notað.

Íslensk sérlög og/eða reglur sem gilda um meðferð kemískra efna:
Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum nr. 602/1999
Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar:

Efnið er flokkað á eftirfarandi hátt samkvæmt NFPA (USA):

- Hætta gagnvart heilsu:** Flokkur 2. Efni sem getur við mikla eða ítrekaða snertingu valdið tímabundnum veikindum eða meiðslum séu ráðstafanir ekki gerðar í tíma.
- Eldhætta:** Flokkur 4. Mjög eldfimt efni og auðtendrað, gufar auðveldlega upp við stofuhita og myndar eldfimt gas.
- Hætta á efnahvörfum:** Flokkur 4. Efni sem myndar sprengihættu við stofuhita og venjulegan loftþrýsting.

Efnið er flokkað á eftirfarandi hátt samkvæmt HMIS (USA):

- Eitrunarhætta:** Flokkur 2. Lítilsháttar.
- Eldhætta:** Flokkur 4: Afar eldfimt (suðumörk við mínus 82,7 °C)
- Hætta á heilsutjóni:** Flokkur 0: Nánast engin.

Framhald á bls. 5

Síðasta endurskoðun útgáfu: 29.7.2002

Unnið af: Denise Boyd, Health and Safety Manager. PermatexInc. CT. USA.

Sími: 0-877 376 2839 (1-87 Permatex).

Dagsetning þýðingar: 11.10.2004

Ofangreindar upplýsingar eru, samkvæmt bestu vitund, réttar en ber ekki að líta á sem tæmandi og skulu einungis hafðar til hliðsjónar. Permatex Inc. er ekki ábyrgt að lögum fyrir nokkrum skaða sem kann að verða vegna meðferðar eða snertingar við það efni sem þessar öryggisleiðbeiningar taka til.

Bílaust hf. ábyrgist ekki þær upplýsingar sem fram koma í þessu skjali né ábyrgist notkun, meðferð eða aðra beitingu þess efnis, sem hér um ræðir. Áður en efnið er notað skal notandi kynna sér mögulega hættu, sem kann að stafa af rangri notkun þess, með því að lesa leiðbeiningar í þessu skjali og leiðbeiningar á umbúðum efnisins.

Frumheimild: Material Safety Data Sheet, Permatex Item 81844/03346.

Þýtt og uppsett fyrir Bílaust hf. í október 2004:

Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélátæknifræðingur, Reykjanesbæ.